

Ed.

452. Frumvæp

til laga um verðlagsnefndir.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

. Stjórnarráðinu veitist heimild til, eftir tillögum bæjarstjórna, að skipa nefndir til að ákveða verðlag á útlendri og innlendri vöru.

2. gr.

Stjórnarráðið setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsvið nefnda þessara og önnur atriði um framkvæmd laganna. Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðar eða ráðstöfunum, gerðum samkvæmt henni.

3. gr.

Ákvæðum verðlagsnefnda má skjóta til stjórnarráðsins til fullnaðarúrslita.

4. gr.

Verðlagsnefndir fá borgun fyrir starf sitt úr bæjarsjóði, eftir reikningi, sem bæjarstjórnin úrskurðar.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 10, 8. sept. 1915, og lög nr. 7, 8. febrúar 1917.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.